

Nd.

541. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við fyrri málsg. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málslíður:

Enn fremur er þeim bátaútvegsmönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.